Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925, 2. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Hungrið mikla – Johan Bojer – Magnús Magnússon – Kvæði og vísur – Bjarni Jónsson frá Vogi – Líklega tvær sögur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ylfihrafn, því að sá verður útlægur sjálfur, er veitir útlægum manni lið."

„Nefndi hann nafn mitt?" mælti Valborg.

„Hann spurði eigi einu sinni um hetta sína," svaraði Ylfihrafn. Jungfrúin lét höfuðið síga sorgbitin. „En hann talaði eitthvað um Sorba og sá eg á því að hann var eigi með sjálfum sér. Vildi hann fá rautt klæði handa gráskeggnum og skyldi eg selja einn af hestum vorum; kvað þetta vera heitbundna skuld."

„Hefir þú gert að boði hans?" spurði Valborg.

„Klæðið hefi eg keypt, en mér sýnist það heimskulegt og bjánaskapur að fá gjöfina hinum gamla þjóf í hendur, því að félagar hans sviku húsbónda minn í trygðum og er fullur fjandskapur milli hans og þeirra."

„Ger þó eftir boði hans, eigi síður mín vegna," mælti Valborg.

„Nú dvelja hundar þeir í þorpinu sem höfðingjar," svaraði Ylfihrafn, „og sá eg gamla manninn. Lætist hann um til njósna og er koma hans eigi neins góðs viti. Vildi eg að þetta yrði hinn síðasti ávinningur, sem hann ber heim í sekk sínum. — Upp frá þeim degi hefi eg eigi séð húsbónda minn, en nálega ætíð var það horfið, er eg fól í trébolnum. Í gær fann eg börkarstykki í holunni og var mörkuð mynd af hesti innan á. Mun eg á morgun færa honum bezta hest hans og annan handa öðrum, svo að hann ríði eigi einn síns liðs."

„Og hvað ætlast hann fyrir? Seg mér það og, Ylfihrafn, ef

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þú veizt það."

X „Hvert mundi hann ætla annað en gegn Sorbum. Því að honum er mest hugraun að bændunum. Mun hann ætla sér að bíta þar sem villivargur uns hann verður fyrir kylfuhöggi. Meira mundi mig fýsa í annan stað. En fyrirboði nokkur knýr mig, því að nafn mitt er dregið af úlfi og hrafni. Sé eg að nafn mitt bendir mér til að fylgja honum á úlfsför hans."

„Fær þú honum eigi hesta í skóginum til helreiðar fyrir hann og þig," mælti Valborg hátíðlega, „því að eg vil hjálpa honum til lífs ef eg má. Heit mér því, að bíða mín hér áður þú fer til trésins á morgun, svo að eg megi fara þér þá hluti, er húsbóndi þinn þarfnast."

Ylfihrafn hugleiddi þetta. „Veit eg að þú vilt honum vel og munt þú eigi svíkja hann í hendur óvinum sínum."

„Það skal aldrei verða," mælti Valborg

„Þá mun eg bíða þín hér, þegar sól rís frá viði á morgun snemma.

Meyjarnar skunduðu til bæjar, því að nú síðast kama hópur ríðandi manna eftir þorpgötunni og var biskup í miðjum hópnum. Var honum tekið með fagnaðarlátum af mannfjöldanum, sem beið hans, og af heimamönnum. Gekk hann höfðinglega gegnum mannfjöldann til skála síns og veitti þar áheyrn í réttri röð sendimönnum og líknarbeiðöndum. Síðast þegar Haraldur greifi sjálfur í hlað í orustufötum sínum. Gekk biskup til dyra móti honum, heilsaði honum blíðlega og leiddi hann til öndvegis.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Fált hefi eg á brott hrakinn, andbýling þinn," mælti greif-
inn, „er þú nú hefir á honum."

„Eigi þakka eg þér fyrir það, Haraldur, og veizt þú, hversu
eg bað honum undan".

„Eigi var það mér í hag", svaraði Haraldur grammur, „að brjóta
bezta sverð Þýringa. Þess vegna krafði eg dóms, að herra minn hefir
lagt ríkt á við mig að gæta þín. En eigi mundir þú mega haldast
við í landinu, ef órefsað væri hinum fyrsta manni, er bregður
sverði og reiðir að þér. Mundir þú þá verða hverjum manni fyr-
irlitlegur og rýtingar heiðingja standa á þér úr öllum áttum.
Ef þú vilt halda áfram að boða Þýringum trú, þá verður þú að
sýna þeim, að óvinum þínum sé bani búinn."

„Eigi samir mér að mótmæla þér, ef þú hefir látið dóm ganga
yfir manninum fyrir það er hann rauf þjóðfriðinn," mælti Vin-
fredur. „En ef þú hefir gert það til hefnda fyrir mig, þá hefir þú bakað mér sorg. Þekkir
þú og hið mikla boðorð, er skrifað stendur, að vér skulum gera
vel til óvina vorra."

„Ef svo stendur skrifað, þá mun hæpið að hérlendir menn
trúi þér til þess," mælti Haraldur í illu skapi, „en eg vona að þú
sért eigi hingað kominn til þess að svifta þjóð þessa karlmann-
legri hugprýði, heldur til þess að efla hana, því að hér er eigi þörf
á lambslund, heldur ófriði og snörpum orustum. Til þeirra hluta
er eg sendur í þetta land, og veit eg að hinn ágæti hreystimaður,
Karl mikli, ætlast til að þú styðjir mig. Þá er við báðir kvödd-
um Frakkla konung, þá handsöluðum við hvor öðrum að vera
trúir félagar hjá Þýringum, eg fyrir herra minn, þú fyrir guð
Kristinna manna, því að þetta takmarkaland var í óeirðu og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þyrfti einarða förgöngumenn."

„Trúlega hefir þú hingað til haldið sáttmála okkar," svaraði Vínfreður blíðlega. „Og fús er ég að játa að ég er þér þakklátari en öðrum mönnum, ef mér heppnast að beygja hina hörðu svíra niður að skírnarlauginni. Því að óttinn við liðsmenn þína er mín eina jarðneska vörn, og trú þú mér, enginn dagur líður svo að mínir menn biðji eigi fyrir þér í þessum bæ."

Haraldur hneigði sig lítið eitt og mælti: „Feginn em ég því, ef þú fyrirbýð mér góða himinvist, því að sjálfur em ég illa til þess fallinn. En engu ókærara væri mér að þú sýndir mér trúnað þinn með öðrum hætti. Nam ég nú segja þér afdráttarlaust, að mér fellur illa er þú hefir fengið griðabréf fyrir sendimenn Hrotta til Karls konungs, og að þú lætur vígða sendimenn fara yfir landamærin og ~~inn~~ í lönd Vinda, því með því gerir þú mér ógagn og sennilega sjálfum þér."

„Gæt þú þess og," svaraði Vínfreður spaklega, „að ég hefi ekkert gert án vitundar þinnar. Mitt starf er að bæta frið í mannheimi. Hversu mætti ég þá neita að láta Karl konung vita um friðarhug Hrotta. Höfum vér hugsað að raunin sá sé, í óvingan við marga ~~vorum~~ sínum þjóðir, mætti hinum mikla konungi Frakka vel líka að ná og yfirráðum yfir Slövum við landamærin."

„Hafi honum líkað það vel," svaraði Haraldur reiður, „þá væri slíkt óþolandi fyrir mig og aðra, sem ríki eiga við landamærin. Eður hyggur þú að vér mundum þola að Hrotti væri merkjagreifi við vora hlið, oss til skaða í landeignum og tíundum? Og nú vil ég segja þér, að mér er það gleði, að mér og mínum talsmönnum hefir tekist, að spilla samningum hans við Karl konung. Sorbar sínu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er hvorugt þeirra réttur erfingi guðsríkis. Óttalegt er til þess að hugsa, hversu fáir telja lífið hér á jörðu vera aðeins undirbúning undir höll dýrðarinnar". Gottfreður kom inn í þessu bili. „Kom þú til mín, sonur minn", mælti biskup í móti honum, „ég em í þungum hug og nú mun návist þín hressa mig. Þú veldur það mér áhyggjum að þú ert fölur og raunamæddur á svip. Þú gerir það of kappsamlega, er aðrir vilja eigi gera. Kann og þú illa er þú neytir eigi matar, og fátt finst mér um næturvökur þínar og svipuhögg þau, er ég heyri gegnum þilið að falla á bak þitt. Lát þú eigi drauma hræða þig og óttast þú eigi, ~~þótt~~ að flögrandi hugrenningar megi spilla hreinleik sálar þinnar. Drottinn hefir ætlað þér að vera starfsömum samverkamanni að erfiðu verki, og þarf ég þess með að þú hafir fullan þrótt, því að mikið eftir óunnið. Nú vofir ófriður yfir við landamærin og hefir hann vaxið upp af þeim sáðkornum friðar ins, sem við höfum sáð. Verðum við nú að gæta þess að illvættir tvístri eigi vorum unga söfnuðinum. Ingvihrafn samferðamaður þinn er orðinn sekur skógarmaður, og verðum við að finna ráð til að hann eigi afturkvæmt heim, því að hann er eitt af börnum bæna okkar. Bið þú og fyrir Valborgu. Hún hefir yfirgefið okkur af einræði sínu og er farin á skóga til hins seka manns."

Gottfreður þagði, en hrollur fór um hann og hann studdist við vegginn. Biskupi varð hverft, er hann sá, hversu hann var yfirkominn. „Gottfreður, sonur minn, hvað er að þér?" mælti hann. Þá gekk munkurinn hægt að kistu þeirri, er messuklæðin voru geymd í. Tók hann hökulinn og lagði yfir biskup og hrópt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til hans bænaraugum. Vinfreður settist á stólinn, en Kvirin kraup á kné við hlið hans og krosslagði hendurnar á kné honum. Orð hans heyrðust varla, er hann talaði; en þau létu sem heróp í eyrum hins öfluga manns; en þá er sveininn hafði lokið máli sínu og hafði lagt höfuðið í kné biskups, þá sat hann og beygði sig yfir sveininn jafnþrunginn harmi sem unglingurinn sjálfur.

JJ

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# VII.

## Meðal skugga.

Næsta morgun gekk Valborg til skógar með leiðsögumanni sínum. Geirþrúður kallaði á eftir henni út yfir engið hrygg í hug: „Hneig þig, lauf, og hneig þig, gras, því að frjáls mær ætlar að skilja við dagsbirtuna."

Í grysjóttum skógi fyrir ofan þorpið var nautfé á beit. Kýrnar hlupu af forvitni fram úr runnunum og glápti á jungfrúna, og smalinn gekk að götunni, heilsaði henni og spurði, hvert hún ætlaði svo árla dags. „Upp til fjalla," svaraði Valborg lágt og maðurinn hristi höfuðið. Forvitinn kálfur hljóp á eftir henni og þefaði af körfu hennar. „Far þú frá mér, kálftetur," mælti hún, „því að hættulegur yrði þér sá vegur, sem eg geng. Þú átt frið við mennina og allir hljóta að virða þig, þótt þú sért eigi nema vetrungur, og geri nokkur óviðkomandi þér mein, verður hann að bæta eiganda þínum að fullu. En ver er sá farinn, sem eg leita að, því að hver maður má að ósekju svala reiði sinni á honum og fer hann huldu höfði réttlaus og varnarlaus." Hún þreif fastar um körfu sína og skundaði á eftir leiðsögumanni.

Þegar þau voru komin upp á heiðina sneri hún sér við og rétti út höndina til kveðju yfir sólu skinið sléttlendið; hún horfði yfir afrakstur akursins, á grálit húsþökin í þorpinu og yfir til bæjarins, sem hún hafði fengið húsaskjól í. Hún hugsaði til barnanna og hver mundi nú skamta þeim árbítinn; henni var sem hún sæi bræður sína sitja sveitta yfir stíltöflum sínum í skólanum, og Bessa litla hlaupa organdi um bæinn að leita hennar. „Ef hann orgar, þá gerir hann

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ónæði í skólanum, og er eg hrædd um að þeir refsi honum fyrir, að hann grætur mig." Og hún þóttist sjá alvarlegan yfirlit Vin-freðar, þá er hann sagði við hana: „Þú hlýtir jarðneskri ást og þú bindur málstað þinn við þenna heim, en eg við hinn." Þá andvarpaði hún: „Gaman þætti mér að vita, hvort hann var mér reiður í fylgsnum hugar síns. En hann blessaði þó yfir mig," sagði hún sér til huggunar. „Má vera að hann biðji drottinn himn-anna fyrir mér einmitt á þessari stundu, svo sem hann hét mér, og fer eg ferða minna í skjóli bæna hans; því að eg hugsa að hann sé hinum mikla guði mjög kær og honum til gerðmuna bótberar himinsins vanvirði mig. En trautla taka þeir til vængj-anna mín vegna, þar sem hinn seki maður reis í móti biskupi með svo miklum ofstopa."

* Þau gengu eina röst vegar fram með niðandi læk, uns þau komu þangað sem hin síðustu landamærastré voru mörkuð og endir varð á hjólsporum trévagnanna. Þar tóku við óbyggðir, sem engir aðrir komu í en veiðimenn, ~~stöku~~ felmtraðir vegfarendur, er fóru yfir fjöllin, og löglausir ræningjar, heimilislausir og landflótta.

Fyrir framan þau hóf sig hrikalegur skógur, fornir stofnar vafðir löng-um fléttum með grárri silfurgljá, svo sem risavaxnar súlur með laufþaki yfir. Dimmt var þar af trjáskuggunum og græn mosabreiða lá yfir rótaflækjum og föllnum stofnum og stórir burknar teygðu sig upp í rökkurdimmunni. Ylfihrafn tók ofan húfuna að veiðimanna sið, þá er hann kom að villitrján-um og Valborg hneigði sig með lotningu fyrir háskóginum: „Þér máttugu viðir vaxið frjálsir mót himni og fáið sólskin og regn á topp yðar, en berglindir væta fætur yðar. Veitið mér einnig þann gæði, sem þér unnið ókunnum mönn-um,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er koma til ytar skelkaðir, skógaravöxt til matar, mjúkan mosa til hvílda, greinar ytar til skjóls og stofna ytar til vígis gegn fjandmönnum". Hún sneri sér enn á einu sinni til birtunnar, en gekk síðan hugrökk inn í skuggann.

Ylfihrafn gekk eina klukkustund á undan millum stofnanna yfir hæðir og lautir. Loks nam hann staðar á hæð einni fyrir framan risavaxið beykitré og mælti hljóðlega: „Þetta er tréð." Hann sveigði burknana ~~frá~~ til hliðar, tók stykki af birkiberki frá, er var fyrir opinu, og benti inn. Þá skyggndist hann um í allar áttir. Ekkert sást. „Enn er eigi sá tími kominn, að von sé á honum, þó mátt þú víst vita að hann kemur í dag, því að hann bjóst við hesti sínum."

Mærin litaðist um og barðist hjartað í brjósti hennar, er hún sá hverja tröllsúluna aftur af annari, uns hinar fjarlægustu runnu saman sem ógnarlegur múrveggur. „Nú skiljum við, Ylfihrafn, far þú aftur til bæjarins, og lát mig vera hér, svo að við verðum tvö ein, þegar við hittumst."

Ylfihrafni þótti miður og svaraði: „Hvernig má eg skilja vopnlausa konu eftir í slíkum óbygðum?"

„Far þú þó, trúi maður. Um einkamál vil eg við hann tala og skal enginn annar heyra. En viljir þú vel gera, þá kom þú hingað á morgun um hádegisbil og spyr tréð, hvernig mér vegni. Þetta er vilji minn, Ylfihrafn, og líkar mér illa, ef þú gerir eigi svo."

Ylfihrafn rétti henni höndina: „Líf heil, Valborg; eg mundi eigi fara, ef eg vissi eigi að nú mun Ingvihrafns skamt að bíða." Gekk hann því næst á brott þar til er hann var kominn í hvarf, þá fleygði hann sér niður: „Bíða mun eg þar til er eg sé hann koma, svo að einhver sé henni nálægur, sá er þekkir skógarsiði."

X Valborg sat ein undir trénu, hún spenti greipar og horfði upp fyrir sig, en eigi sá hún til lofts, heldur greinar og blöð. Djúp þögn var á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðal stofnanna og heyrði aftur eins endrum og sinnum fuglskvak úr háa lofti. Þá var farið hljóðlega niður eftir næsta stofni og settist íkorni í greinina andspænis henni, hneigði við og við sinn litla koll til hennar og horfði á hana kringlóttum augum sínum; hélt hann á akarni milli framlappanna og nagaði. Valborg heilsaði og skógardýrinu og mælti til hróss: „Vel fara þér eyrnaskúfar þínir og hressilegt skott þitt; ver þú mér vinveittur, rauðbarði, því að eg vil þér ekkert illt og fús væri eg að ala þér í búi með akarni og bók, ef eg mætti. En þú ert ríkari en eg, því að þú býr hátt í laufskála þínum, en vér menskir menn göngum þunglamalega yfir ræturnar. Um einn mann er mér annt, og mátt þú auðveldlega sjá hann, er þú þýtur um trétoppana. Ef þú sér til hans, þá renn þú fyrir honum og fær mér hann." Íkorninn kinkaði kolli, fleygði akarninum til jarðar og þaut upp stofninn.

„Hann gerir sem eg bið," mælti Valborg brosandi. Þá heyrði hún skjótlegt fótatak og heyrði nafn sitt hrópað. Sá hún nú hvar útlaginn kom hlaupandi til hennar milli stofnanna. Fleygði hann sér í mosann hjá henni og tók í hönd hennar. „Þá ert þú komin," mælti hann og mátti naumast mæla fyrir snöggri gleði. „Eg hefi í leyni vonað að fá að sjá þig enn þá einu sinni, og reikaði eg hér um mosann í hverjum degi svo sem eg væri tjóðraður við tréð." Valborg strauk blíðlega um hár hans og vanga. „Fölur ert þú nú og flóknir lokkar þínir og magur ert þú orðinn, vesall skuggi, er forðast dagsbirtuna. Fjandsamlegur hefir skógurinn verið þér, því að gremja er í svip þínum og afsalega stara augu þín á dóttur gisti-vinar þíns."

„Illt er í skóginum úti og er einveran hvatleg útlaganum," svaraði Ingihrafn, „Trjárætur klípa fætur hans, greinarnar reyta hár hans og í lofti garga hrafnar og rífast um það, hvort hann muni verða þeim að bráð eður eigi." Hann þaut upp. „Veit eg eigi, hvort eg má gleðjast yfir að sjá

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þig; þú kemur frá klerkinum og fer til þeirra aftur, og segir þeim þau fegins-tíðindi, að þú hafir hitt mig í eymd og volæði."

„Eg var hjá prestinum og kem til þín," svaraði Valborg hátíðlega; „fór eg úr garði Kristinna mamma, til þess að sjá um þig, ef eg er þess um komin; hefi eg yfirgefið mennina og valið mér eyðiskóginn, ef þú vilt mig."

„Valborg!" hrópaði skógarmaðurinn upp yfir sig, fleygði sér á jörðina hjá henni og vafði hana örmum sínum, lagði höfuð að brjósti hennar og grét sem barn.

Valborg hélt um höfuð hans, kysti á hár hans og talaði til hans huggunarorð sem væri hún móðir hans: „Ver þú rólegur, ákaflyndi maður; þótt þú eigir við þung örlög að búa, þá átt þú þó konu, sem hjálpar þér að bera böl þitt. Eg em og vaxin upp í nánunda við óbygðir og nærri ræningjunum við landamærin; hugprýði og þolinmæði vinnur allar þrautir. Set þig andspænis mér, Ingvihrafn, og skulum við talast við skynsamlega sem þá er við mæltumst við að arni föður míns."

Ingvihrafn hlýddi og settist sem hún vildi, en hann hélt í hönd hennar.

„Hald þú og eigi svo vingjarnlega í hönd mína," mælti Valborg til varnaðar, „því að alvarlegt mál hefi eg að flytja, er meyjar munnur er ófús um að tala." En Ingvihrafn tók fram í fyrir henni og mælti: „En heyra skalt þú og minn ~~vilja~~ hug áður en þú talar." Hann tók steinvölu úr mosanum og fleygði aftur fyrir sig. „Svo varpa eg því öllu í brott, sem skildi okkur; gleym þú því og, Valborg, sem þér hefir mislíkað við mig; minnst þú eigi Sorba fjötranna né þess, er óviðkomandi menn leystu þig og bið eg þig að gera mér eigi gramt í geði með ströngum ræðum, því að svo sæll er eg nú, er eg sé þig fyrir mér og reyni trúnað þinn, að eg læt mig litlu varða frið eður útlegð. Þú ert mér næstu ástfólgin, og nú vil eg eigi um annað hugsa en þig, er þú kemur til mín, og gleðjast yfir þér."

Nú bærðist blæja sú, er huldi hálfa ásjónu meyjarinnar: „Sjá þú fyrst, Ingvihrafn hversu ~~þes~~ sú kona er, sem þú elskar; er birtan hentast að líta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrst á komuna aftur en þeir fá hennar". Að svo mæltu brá hún blæjunni frá og lá rautt ör yfir vinstri vangann og var önnur kinnin stærri en hin. „Þessi er eigi hin sama Valborg sem sú, er þú strauksk vangann á". Nú sá hann fyrir sér hina sömu ásýnd, er honum hafði orðið svo bilt við, þá er hann reiddi sverðið að biskupi. Hún gaf nánar gætur að honum og þá er hún sá undrun hans, huldi hún vangann aftur og sneri sér undan og duldi tár sín.

Ingvihrafn færði sig nær og horfði við hinum vanganum og mælti vingjarnlega: „Lofaðu mér að kyssa þennan. Ég varð hræddur, því að örið er hræðilegt á kinn þinni; en ég veit að þú fékkst það, þá er ég var heimskingi. Munu konur og menn eigi heiðra þig síður fyrir því."

„Þér farast drengilega orð, Ingvihrafn, en hrædd er ég um að þú verðir leiður á að sjá mig, þegar þú ber mig saman við aðrar konur. En ég stórlát og ef ég verð kona þín, þá vil ég eiga þig einn í lífi og dauða, því að sá er réttur minn. Mun ég nú og segja þér minn hug. Meðan ég var álitum sem aðrar meyjar hefði ég vonað að fá þig fyrir eiginmann minn; og ef þú verður eigi bóndi minn, þá mun trautla nokkur annar verða það hér á jörð, jafnvel þótt einhver kynni að biðja mín. En fyrir skömmu var það til mín mælt, og var sem það kæmi úr eigin hugskoti mínu, að ég skyldi lofast öðrum, drottni himnanna, er sjálfur bar sár og örkuml. Hálfa blæju hafa menn lagt yfir mig, en það er áhyggjuefni mitt á beiskum kvíðastundum, hvort ég eigi að hjúpa höfuð mitt að fullu eðr eigi".

Ingvihrafn spratt upp: „Alls ills árna ég klerkunum, því að þeir hafa snúið hug þínum frá mér."

„Það hafa þeir eigi gert," mælti Valborg af ákafa, „þú þekkir eigi þá menn, sem þú hrakyrðir. Set þig aftur og hlýð rólegur á orð mín, því að milli okkar verður að vera full hreinskilni. Ef þú stæðir frammi fyrir mér í fullri hamingju þinni og vildir nú sem fyr biðja frændur mína

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um mig, þá mundi bónorðið verða þér erfitt vegna ôreins, því að ég mundi vera sein til að reiða mig á tryggð þína. En nú sá ég að þú þurftir á vini að halda og að líf þitt var í voða. Þá áttum við þeim yfirsterkari og ég kom til þín, svo að þú tryggðist eigi meðal rándýra eður farist í skóginum, ef ég má varna þér. Því að ég veit og þú veizt það og, að ég tilheyri þér ef þú ert í nauðum staddur". Hún tók af sér blæjuna: „Sjá skalt þú mig héðan af svo sem ég er, fel ég eigi andlit mitt fyrir þér."

Ingveldur hrafn fleygði sér aftur niður við hlið hennar og faðmaði hana: „Hugsa þú hvorki um líf mitt né sáluhjálp, því að undir hvorugu þykir mér komið ef þú segir mér eigi það, er ég girnist að heyra, að þú sért til mín komin af því að þú unnir mér".

„Ég vil lofast þér," mælti Valborg lágt, „ef þú vilt gera hið sama".

Hann reisti hana á fætur hinmingláður og mælti: „Kom þú þangað sem blessuð sólin skín, svo að við megum mæla hin heilögu orð. Hann leit í augu henni og varu þau fest á ásýnd hans með ást og blíðu, en þá breyttist atferli hans, beisk áhyggja gagntók hug hans og hann sneri sér undan og mælti: „Ég er með sanni maklegur þess að búa við úlfa, er ég vil leggja dóttur dáins gistivinar míns í hættur óbyggðanna. Gleymt hefi ég, hver ég er. Nú sé ég að umhverfis mig eru gráir viðir og villikjarr og heyri erni blakka yfir höfði mér. Illa hefi ég séð fyrir minni eigin lífi, en varmenni em ég eigi og vil ég eigi níðast á tryggðum konu og leiða yfir hana glötun. Far þú, Valborg; þetta var aðeins gátur draumur". Hann hallaðist upp að tré og stundi, Valborg hélt um arm hans.

„Ég stend þó ósködd við hlið þér og treysti ég voldugri vernd þess, er vér nefnum föður og auk þess á sverð og spjót kappa míns, sem ég sleppi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki."

„Eg var hermaður, en nú em eg útbrendur skuggi. Það er hart, Valborg, að fara á mis við eld og reyk, harðara að verða að víkja úr augsýn hvers ferðamanns eður berjast án fjandskapsar og vígamóðs, fyrir þá sök eina, að hver slær til skógarmannsins svo sem hann væri óður hundur. En hitt er þó harðara en lífsháski og víg í skógarskugga, að þurfa að fela sig sem huglausir menn og lifa frægðarlaus sem illyrmin undir trjánum, er slíkt óþolandi og mun hin eina björg vera skjótur dauðdagi í orustu. Far þú, Valborg, en viljir þú gera mér greiða, þá seg manni þeim, er eitt sinn var húskarl minn, að færa mér byggjaðan hest, svo að eg megi leita hinnar síðustu hefndar." Hann fleygði sér til jarðar og byrgði ásjónu sína í mosanum.

Valborg kvaldist af ótta um hann, þar sem hann lá, en hún neyddi sig til að tala af hugrekki; hún sat hjá honum og strauk úfið hár hans og mælti: „Þú lætur sem þú eigir engan að, er hugsi um þinn hag. Margur útlagi hefir verið sýknaður, þá er mönnum var runnin reiðin. Mörgum þótti það illt, er þú varst gerður útlægur. Herra Vinfreður gekk sjálfur í fyrirbæn fyrir þig hjá greifanum."

„Seg mér það eigi til huggunar", svaraði Ingvihrafn í reiði; „andstyggileg er mér slík fyrirbón og hata eg hverja velgjörð af ~~prestsins~~ hendi. Frá því, er hann sá mig fyrst hefir hann viljað ráða yfir mér og ráska sem húskarli sínum. Okkur vildi hann hagnýta sér bæði með slægð sinni. Þá eg heyrði dóminn yfir mér, þá hugnaði mér hann betur en nokkru sinni fyr, þótt eg hataði hann, því að mér varð að hugsa að hann hefði þó þá karlmannslund að vilja hefna sín á fjandmanni sínum. En meðaumkun hans þoli eg sízt af öllu, því að eg vil vera í full-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um fjandskap við hann.

Valborg andvarpaði. „Hví vilt þú styrta hann? Hann gerir sem trú hans býður honum, að gjöra vel til óvina sinna."

„Vera má og að þú komir til mín, Kristna kona, til þess að gjöra vel til mín eftir boði trúar þinnar, en fyrirlítir mig með sjálfri þér."

Valborg sló létt á höfuð hans og mælti: „Þverhaus ertu og ranglátur eru hugarórar þínar." Hún kyssti hann aftur á ennið. „Eigi er biskup einn þér velviljaður, heldur hefir og hinn nýkomni greifi harmað hlutskifti þitt í viðtali við Brúnó; lofaði hann mjög hreysti þína og þótti illt að vera án þín í næstu herför móti Slövum. Því að vita skalt þú, Þýringakappi, að heyrzt hefir að á hausti [eftir uppskeru] komanda verði boðið út leiðangri gegn Vindum."

Ingjaldrafn spratt upp og mælti: „Góðar fregnir flytur þú, Valborg, þótt þeir hafi gert mig útlægan skógarmann."

„Vita skalt þú og," mælti Valborg, „að hinn mikli Frakka konungur á í ófriði við Saxa, og búast hetjur hvarvetna til nýrra víga."

„Hvar gerir þú mig og örvita; hyggur þú að eg megi lifa við þá skömm að vera fráskila samherjum mínum, er þeir vinna sér til frægðar?"

„Hitt hygg eg á, hversu þú megir ganga með þeim að vígum; er eg og fyrir þá sök hingað komin."

Ingjaldrafn leit til hennar undrandi, en þó rann upp fyrir honum vonargeisli, og hann spurði: „Hversu mátt þú hjálpa mér til þess?"

„Eigi veit eg það enn," svaraði Valborg hugrökk, „en eg vænti góðs þér til handa. Mun eg fara til greifans, og megi hann engu á orka, mun eg fara til Frakka konungs sjálfs, þótt langt sé, og biðja hann um landsvistar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mun eg ganga bæ frá bæ og biðja, og má vera að þeir verði mér eftirlátir af því at nú þurfa þeir á sverði þínu að halda".

„Mikit tryggðatröll ert þú!" mælti Ingvildrafn frá sér numinn.

„Og þó vilt þú meina mér að hjálpa þér, heimskur maður," mælti Valborg blíðlega, „er þú vilt eigi þiggja heitorð mitt. Hversu má ungismær tala þínu máli við ókunna menn, nema hún sé heitmær þín?"

Ingvildrafn hóf upp höndina og mælti: „Ef eg held lífi og má nokkru sinni ganga á léttum hug um grænar grundir, þá mun eg freista, hvort eg megi þakka þér sem vert er."

„Fegin verð eg, er þú mælir svo," svaraði Valborg glöð, „og vil eg nú ráðgast um allt við þig sem mannsefni mitt, svo að okkur verði betri hamingja auðit. Þú heldur mér hjá þér hér í skóginum eður hvar sem er alla þá stund sem þér er hugfró í því; og þá er þér sýnist, sendir þú mig út um sveitir til þess að hugsa fyrir hag þínum, þar sem eg er konuefni þitt. Munu menn trúa orðum mínum, er eg segi þeim að eg sé brúður þín. Gott mun og at kona líti eftir á Hrafnagörðum. Ambáttir þínar hafa hlaupið á brott og eigi mega þær eiga afturkvæmt, því at eg mun vilja vera húsmóðir á bæ mínum." Ingvildrafn lét í ljósi samþykki sitt. „Þar og fénaður eftirlits og mun eg ráða þér vinnukonu. Mun eg ráðgast um það við Brúna, því at hann er maður góðráðlegur. Mun eg og leita ráða til hans, hversu létta skuli af sekt þinni. Munt þú þurfa at gjalda sekt eigi allitla; munt þú inna hana af hendi, þótt hún kosti þig nokkurn hluta lands þíns, annaðhvort af garði þínum eður af erfðalandi eftir móður þína niðri í dalnum." Ingvildrafn andvarpaði. „Þungan dóm létu þeir yfir þig ganga, að þú skulir hafa frið þar sem enginn sér þig eður heyrir. En vel má skýra hún hörðu orð mildilega. Munu og kristnir menn eigi skyggnast um

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptir þér eða hlera, fyr en þú kemur fram aptur í almannafæri og verður tregur, og það eigi þótt þú dveldir í Hrafnagörðunum eður í öðrum bæ föður míns heitins, þangað sem eg væri fús að fara aptur. Þetta er minn hugur, en seg mér nú, hvað þér býr í skapi."

„Mér er það í hug," mælti Ingvihrafn, „að eg muni eignast góða konu, ef mér auðnast að halda lífi, konu er sér betur um hag okkar en bóndi hennar."

„Nú ert þú mér að skapi," mælti Valborg og brosti nú sigri. „Guð einn veit, hvernig við komumst úr vandræðunum, en honum treysti eg og honum þakka eg, að eg hefi hitt þig hér í skóginum og séð í hug þér." Hún beygði höfuð sitt og mælti fram drottinlega bæn, en Ingvihrafn sat við hlið hennar og hlýddi á bænir þær, er hún flutti í hálfum hljóðum. Sat hún síðan hjá honum með hendur í skauti og bros á vörum, þá snart hann hæglega arm hennar og mælti: „Kom þú, Valborg, mun eg leiða þig úr skugganum þangað sem sólin skín." Mærin sneri sér að honum og spurði: „Fer örið mér mjög illa?"

„Eg tek ekki eptir því framar," svaraði Ingvihrafn af einlægni.

Valborg andvarpaði. „Vera má að þú venjist því," mælti hún. „En bíða verður þú enn um stund. Eigi má sólin sjá þig svo sem nú ert þú ásýndum, því að hún skín ófús á bert hörund gegnum rifna flíkur, og flókið hár fer brúðguma illa. Far þú nú fyrst úr treyjunni og mun eg bæta hana, en þú fer á meðan að uppsprettulind og þvoir höfuð þitt sem við á." Hún opnaði körfu sína og tók þar úr nál og þráð. „Marga hluti hefi eg í fór mínum, er allir þurfa en engin finnur undir trjánum, er þeir vilja verða öðrum geðþekkir. Hér er brúðfararskyrta þín, ef þú vilt gera það mín vegna að bera hana. Saumaði eg hana með harm í hug, þá er eg var sjúk. Nú átt þú eigi framar líf þitt einn, heldur þarft þú og að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjá um mig og þó fyrst og fremst að hugsa um það, hvernig þú megir aldrei verða mér að skapi." Hún rak hann nú á brott og bætti síðan í óða önn rifurnar á mórendu vaðmálstreyju hans.

Þá er hann kom aftur hlaupandi upp til hennar, sleit hún síðasta nálþráðinn frá og hjálpaði honum í treyjuna og tíndi mosann úr henni. „Nú getst mér vel að þér, því að allur annar maður ert þú nú, þar sem þú stendur undir trjánum. Nú em eg albúin að fylgja þér Ingvihrafn, hvert sem er." Hún tók dót sitt saman, en er hann vildi taka körfuna, þá varnaði hún þess og mælti: „Eigi sæmir það hermanni, að eins sjálfa mig mátt þú bera, ef eg verð máttvana. Rétt þú mér arm þinn, svo að eg megi styðjast við hann."

Gengu þau nú þegjandi hvort við annars hlið yfir mosaþemburnar að Kletteborg einni, er reis meðal trjánna. Stofnar þeir voru nú fallnir, sem þar höfðu staðið, og bylgjaðist þar nú hávaxið gras í sólskininu, eyrarrósir og bláklukkur. Þá tók hún fastar um arm hans og reyndi að dylja geðshræring sína undir brosi og mælti: „Stattu við, Ingvihrafn, og hlýð til orða minna. Brúður þín vil eg verða nú á þessari stundu, en dóttir gistivinar þíns verður eg fyr eiginkona þín, en föðurbróðir minn mælir fyrir eiðstafi í hópi frænda minna. Því að sitja gestum við, þótt við séum tve-ein. Alt það til liggur í millum okkar knífur sá, er þú gafst mér eitt sinn." Hún tók fram knífinn undan klæðum sínum þann hinn sama, er hún hafði stefnt að sjálfri sér í höll Hrotta. „Hugsa þú til knífsins, Ingvihrafn, er þú sér eigi vanga minn."

„Illa er mér við knífinn," mælti Ingvihrafn önuglega.

„Góður er hann til varnaðar," mælti Valborg og tók í hönd hans í banar skyni. „Skal hann vera þér til varnaðar, svo að þú megir verða

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# IX.

## Heimförin.

Viku síðar stóð Ingvihrafn í kofa prestsins við tréskörina til altaris þess, er Gotfreður eitt sinn hafði reist. Meginharður kom inn og bar körfu og setti fyrir hann og mælti: „Lát þér nú bragðast vel matinn; hafa allar konurnar í klerkagarði unnið að honum."

„Þú fer vel með fanga þinn," mælti Ingvihrafn í þungu skapi, „hversu ljúffeng sem fæðan er, þá er hún beisk þeim sem heftur er og fer á mis við frelsi."

„Margan sambýling þekki eg, sem öðruvísi hugsar," svaraði Meginharður og leit upp til fugla sinna. En er Ingvihrafn þagði hélt hann áfram og lét móðan mása: „Eg fór með Valborgu til hellisins Bjarnar. Hafði hann drukkið allan biskupsdrykkinn og sofið meðan á bardaganum stóð; er hann illa í sig kominn og talaði óráð, líkt svo sem hann ætlaði að verða einsetumaður."

Ingvihrafn kinkaði kolli, en þagði. Og Meginharður talaði við sjálfan sig: „Aldrei hefi eg séð slíka breyting, sem trúin hefir gert á þessum heiðingja; ef eg legg heykrippsi undir höfuð hans, þá þakkar hann svo hæversklega sem vel siðuð yngismær. Drottinlega bæn hefir hann lært flestum betur. Má vera að hann verði munkur og mun eg þá verða að kenna honum latneska tungu. Eitt sinn vildu hrafnar hans eigi þola _Kyrie eleison_, en nú þröngva eg honum sjálfum til að læra _mensa_ og _filius_", og Meginharður hló að þessari von, þar sem hann sat í fótskörinni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú heyrði vopnabrak úti fyrir, var lokið upp dyrunum og Haraldur greifi stóð á þröskuldinum: „Nú kalla eg á þig, Ingvihrafn," mælti hann er hinn spratt upp, „ert þú nú sýknaður og frjáls maður. Undir linditrjánum hafa landsmenn veitt þér aftur frið og grið en sekt skalt þú lúka í fasteign eða lausafé. Var matið lágt. Segja vil eg þér og ef þú veizt eigi áður, að landar þínir náðu Sorbum á skeiðveginum skammt frá Þórshól og komust örfáir undan; mun þér þykja gott að heyra. En sjálfur er eg hingað kominn til þess að ráða þig til herfarar með mér. Tak nú hesta þína, hraustur drengur, því að innan fárra daga ríðum vér yfir Salelfi." Kvaddi hann síðan og fór.

Ingvihrafn gekk út á eftir honum og leit í móti sólarljósinu, þá var tekið á honum hóglega. „Nú á eg þig að fullu," mælti Valborg í örmum hans. Hún snart þá við ól þeirri, er hann bar um hálsinn, og hörfaði skelkuð frá: „Ingvihrafn, ennþá ber þú á þér gjöf þá, er kominn er frá illvættum."

„Gjöf forfeðra minna átt þú við," svaraði hann og var eigi hughægt, „eigi samir að lítilsvirða hana."

„Minnst þú þess, elskhugi minn, að marga óhamingju hefir töfragripur þessi leitt yfir þig. Hver veit, hversu hann má enn breyta skapi þínu, ef þú geymir hann."

„Sama varnað sem þú bauð mér og annar maður," svaraði Ingvihrafn, „og má vera að eg hafi treyst um of erfðagrip þessum. Mun eg taka hann af mér, en þú mátt geyma hann."

„Hvorki eg né nokkur annar," mælti Valborg, „einn maður skal hér úrskurð á gera, en sá maður er Vinfreður."

„Vilt þú leiða mig fram fyrir biskupinn?" spurði Ingvi-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hrafn órór.

„Nú mátt þú sjá, hversu töfrar þessir vilja fjarlægja þig biskupi," mælti Valborg.

Hann leysti ólina og fékk henni töskuna; en hún brá dúki yfir, signdi sig og tók við. „Skulum við nú fara héðan og hitta hann. Bregð þig, Ingvihrafn, því að leita skalt þú vináttu við hann, sem þér er máttkari." Leit hún til hans með vorkunnsemi og blíðu, gleymdi í svip töfrum þeim er hún bar í hendinni og kyssti hann, en dró hann síðan með sér.

Biskup sat einn í herbergi sínu, er Valborg kom inn og leiddi unnusta sinn. Biskup leit upp og mælti: „Kemur þú nú síðir, Ingvihrafn; lengi hefi eg beðið þín, og mikið afhroð höfum við báðir goldið, áður en þú rataðir til mín."

„Tekið hefir hann að arfi frá forfeðrum sínum töfragrip einn, sem gerður er af örlagadísum og beiskir lund hans," mælti Valborg. „Leys þú hann undan valdi illvætta."

„Náð drottins mun leysa þig, Ingvihrafn, og sú barátta, sem þú heyr sjálfur, meðan þú dvelur hér á jörð. Hvar eru töfrar þeir, sem þið óttist."

„Hér liggur sortuverk það undir hvítum dúki," mælti Valborg og lagði böggulinn á viðarköst hjá arinhellunni. Vinfreður sneri sér undan og gerði bæn sína, tók því næst vígt vatn, er stóð í trogi við dyr herbergisins, og stökkti á böggulinn og á borð sitt, og tók síðan til erfðagripsins. Var það taska úr slitnu leðri og margir knútar ristnir þar utan. Vinfreður opnaði glugga og dyr á gátt, og gerði síðan krossmark yfir knífi sínum, og risti síðan bönd og leður og leitaði innihaldsins. Kom þar út ryk og forn-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atar jarlir og metal þeirra annar böggull, rauður að lit. ~~Vafði~~ Rakti hann böggulinn sundur og hörfaði frá. Var þetta silki flosað og þar í saumað með gullþræði líkneski orms þess, er vér nefnum dreka. Glóðu augun úr skírra gulli, og gulltennur í gapandi ginninu, en út úr því gekk blárauð tungan sem ör.

„Trautla megnar mannleg kunnusta að gera svo djöfullegt líkneski,“ mælti Vinfreður undrandi og hélt krossmarki yfir drekanum. „Legg þú kol á eldinn, jungfrú, munum við geyma þessa heiðnu forynju í arineldi Kristinna manna. Skal hún hverfa úr augsýn manna, því að augu og tunga eru sem þau væri lifandi.“

Snarkaði nú í brenninu á arninum og teygðist loginn upp yfir kolin. Vinfreður bar með varkárni töskuna og jarteinar og að síðustu drekahausinn á eldinn og ýtti þeim með járnskörungi sínum djúpt inn í glóðina. Þyrlaðist nú upp þéttur reykur, gulhvítur, vatt hann sig um þakbjálkana og lagði síðan út um reykháfinn í þakinu. Ingvihrafn lá á Kojum sínum frammi við dyr og mælti: „Þungt verður mér að skilja við forfeður mína.“ En Valborg hélt höndum sínum yfir höfði honum og starði með björtu yfirliti á Vinfreð, sem stóð við arin með krossmarkið á lofti, þar til allur reykurinn var rokinn út. Þá gekk hann til Ingvihrafns og mælti: „Bú nú hug þinn undir að verða trúr maður Kristinna manna guðs og að fá sess í háborg himinsins. Hér er gjöf sem drottinn gefur þér, en eg færi þér fyrir hans hönd. Eru hér vígð klæði, hvítvoðir, er þú skalt bera, er þú gengur í skírnarlaug og vinnur eilífum guði heit þitt.“

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Upp af rústum bæjarins, þar sem hrafnar krunkuðu fyrrum, reis vegleg kirkja og hljómuðu klukkur kristinna manna úr turninum. En Ingvihrafn húsaði nýjan bæ nokkrum röstum vegar nær hinum mikla markaði Þýringa og lét gera þar skála mikinn. Jókst skjótt byggðin umhverfis bæ hans og varð þorp eigi allítið. Var það síðan nefnt „Arfur Ingvihrafns“ öld eftir öld. Lofuðu allir menn hamingju hans og eigi síður húsfreyjuna, er fæddi honum fjölda góðhjartra barna; þjóðkunn var og gestrisni hans og stríðsfáka kyn hans, Hrófungar. Hreysti hans var höfð að orðtaki langt austur í land, stóð fjandmönnum ótti af honum í landamæraustgjöldum, en hinum frakknesku greifum var hann hjálparhella. Hann var oft sendur til hirðar hins mikla frakka konungs; var honum jafnan vel tekið og fann hann að talsmaður nokkur mundi í kyrþey tala máli hans. Loks þá er Pippin konungur, sonur Karls mikla, kom til Þýringalands og vildi fara með her á hendur Söxum og Vindum, þá fór Ingvihrafn með honum og fékk af konungi lof og laun hreysti sinnar. Jafnan þá er Vinfreður kom til Þýringalands frá erkibiskupsstóli sínum í Mainz, fór Ingvihrafn í móti honum til landamæra til þess að fagna honum. Erkibiskup skírði sjálfur alla sonu hans og fékk hvert ár fagurspunnið og vel ofið lín frá húsfreyju, ofið í vefstólum heimilisins. Jafnan var biskup blíður við Ingvihrafn og meiri vinur hans en annara, og gerði hann sér far um að láta menn sjá, hve mikils hann mat afreksmanninn. Það eitt skorti á, að hann vildi aldrei þar gista, þótt Valborg bæði hann um það með tárin í aug-

unnum. En hann lét vel að sveinum hennar og gleymdi aldrei að færa henni sjálfri gjöf nokkra, þá er hann kom í landið.

Þrír tugir ára voru liðnir frá fyrstu ferð Vinfreðar til Þýringalands. Ingvihrafn hafði nú við hlið sér þrjá sonu og þrjár dætur í blóma æskunnar. Hinn elzti sonur var eftirmynd föður síns og var þegar reyndur hermaður og átti sjálfur búgarð; sá sem næstur var að aldri mátti og ráða við hina ólmustu hesta og beið þess með óþreyju að hann fengi að fara í sína fyrstu herferð. En yngsti sonur þeirra hjóna, Gotfreður að nafni átti að verða klerkur með vilja foreldra sinna, og söng hann glaðlega latneska sálma, er guðhræddir klerkar höfðu kennt honum, þeir er gistu hjá foreldrum hans. Ráðsmaður þar á bænum var Ylfihrafn og réð hann yfir hjúum og leiguliðum húsbónda síns og var hinn vinsælasti. Hann sagði við konu sína, Geirþrúði: „Öflugir töfrar fylgja nöfnum kristinna manna", gerði hann um leið krossmark fyrir sér, þótt erfitt veitti, „krefst guð hins yngsta sonar húsbóndans til sinnar þjónustu og er árangurslaust að sporna við því. Árangurslaust hefi eg saumað úlfshár í treyju sveinsins og stungið þrem hrafnsfjöðrum í hægindi hans, árangurslaust kenndi eg honum að skjóta af boga og henda kylfu. Hið óhermannlega nafn, Gotfreður, ber hann ofurliði. Vona eg að hann verði þó að minnsta kosti biskup, er drottnar yfir öðrum klerkum og situr í öndvegi."

Mörg ár voru síðan hinn mikli erkibiskup hafði komið í Þýringaland og heyrðu vinir hans frá Mainz að hann væri orðinn ellimóður og að þeir mundu

eigi oftar sjá hann. Þá bað Valborg mann sinn um að lofa sér og börnunum að fara með, er hann færi næsta sinn til konungshirðarinnar, og fylgja þeim til Mainz, svo að þau mætti enn þá einu sinni öðlast blessun hins helga manns og til þess að hann mætti vígja Gotfreð til að verða guðs þjónn.

En í þann tíma höfðu heiðingjar brotist inn yfir landamærin að norðan og ráðist á kristna menn. Höfðu þeir brotið þrjátíu kirkjur, vegið menn og rekið á brott konur og börn. Þá fór erkibiskup sjálfur til landamæranna og hafði með sér fémuni biskupsdæmisins til þess að leysa út hertekna menn og reisa að nýju guðshúsin. Hafði hann verið eitt missiri á brott frá Mainz til þess að bæta þenna skaða og til þess að styrkja landsmenn (þar) norður í trúnni og gera þá samtaka.

Nú var hann heim kominn. Fylgdarmenn hans voru niðri í húsagarði og glöddust yfir heimkomu sinni, en Lullus biskup gekk inn til erkibiskupsins; var sá lærisveinn hans og trúnaðarmaður; ýtti hann hægt dyratjaldinu frá og gekk inn og heilsaði. Vinfreður sat í hægindastól og lágu opin bréf í knjám honum, en hann starði út um gluggann í móti morgunbirtunni, og svaraði kveðjunni aðeins með hendinni. Lullus stóð lengi þögull og lotningarfullur og varð honum hverft, er hann heyrði að öldungurinn talaði við sjálfan sig. og er hann heyrði þau orð: „Mál er mér að búast til ferðar upp til sala drottins míns, þrái eg mjög blóðund þá í brjósti, er opnar mér hlið himinsins.“

Klerkurinn óttaðist þetta kynlega tal og mælti: „Hvað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veldur, æruverði faðir, er þú ert eigi með sjálfum þér, og mælir sem hermaður sá, sem saddur er lífdaga?"

„Eg em og saddur lífdaga", svaraði erkibiskups, „því að eg sigli sem sjómaður yfir öldur, sem velta óþrotlega, og nemur kjölurinn flúðirnar, en frostið leggur á mig harða fótfjötra, og vetrarnæðingurinn lemur enni mitt með ómjúkum vængi sínum. Endalaus er baráttan og gleðivana allt það, sem umhverfis mig er, og þrái eg sárt höfn þá, er eg vil leggja höfuð mitt til hvíldar í."

„Gleðivana segir þú æfi þína, æruverði faðir, og hefir þó guð veitt þér meiri sigur og heiður en nokkrum öðrum manni", svaraði Klerkur. „Lát þú hugskotsaugu þín horfa yfir þau lönd, sem þú ræður yfir. Hefir þú verið hermaður guðs í fjörutíu ár og barizt við djöfulinn; mörg hundruð þúsund sálna hefir þú leitt til sannrar trúar. Hundruðum saman rísa nú kirkjur og bænahús í því landi, sem var auðn ein er þú komst þar. Viðir heiðinnar eru upprættir og beygja ~~þeir~~ menn einum guði harða svíra sína, og veitir guð þeim þrifnað af mildi sinni, betri heimilisaga og löghlýðni. Hraustir kristnir hermenn halda morðgjörnum fjandmönnunum í skefjum við landamærin. Í löndum Helvetja, Þýringa og í Bæheimi læra ungir sveinar að lesa heilaga ritningu. Við þig á það, sem skrifað stendur: sáðmaður gekk út að sá, og er uppskeran þín mikil orðin. Er nú samrdin sönn trú rótföst orðin í mannheimi og er það fyrir þína tilstilli. Svo mikil eru afrek þín, hví ert þú sorgbitinn, herra?"

Vinfreður stóð upp og gekk um gólf og mælti: „Gengið hefi eg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í hönd þrem eftirmönnum postulanna í Rómaborg. Má eg vel hrósa mér í þeirra eyru og segja að eg hafi verið þeim trúr; hefi eg gert þá einvalda yfir hinni kaþólsku ~~kirkju~~ kristni. Hefi eg beygt fyrir þá harða svíra leikmanna og dramb og eigingirni svikulla biskupa. Hefi eg kennt öllum þjóðum samræmi í hlýðni og kenningu, til þess að þeim verði fúslega hlýtt þar sem þeir stýra í nafni drottins. Hefi eg lagt undir þá hugi mannanna, en eigi hefi eg megnað að þröngva þeim sjálfum til að vera í öllu góðir þjónar drottins. Þeir keppa eigi að reisa ríki guðs í auðmýkt og fátækt. Sé eg að þeir sækja eftir löndum og auði og jarðneskum yfirráðum. Eru þeir hlið-hollir illum mönnum og hlífa glæpsamlegum þrælmennum, þá er þeim er hagur í. Eru þeir hyggnari en við, enda eru þeir drembnari. Þrem páfum hefi eg þjónað, en nú kemur sá fjórði, ókunnur maður, og mun hann veita vináttu sína eftir eigin hagsmunum. Mitt starf er að telja heiðingjum trú. Hefir drottinn gert mig að eftirlitsmanni þeirra og vil eg eigi láta þann rétt minn fyrir æðsta prestinum í Róma-borg fremur en fyrir djöflinum. Á æskudögum mínum fór eg fyrstu krossferð mína til harðgerðastra Frísa. Hefi eg sífelt borið áhyggja fyrir hinum þrjózkufullu og haldið krossinum yfir höfði þeirra. Biskupar Frakka sátu latir í munaði sínum, trúarveilir og yfirbótalausir og eyddu kirkju-eignum, en enginn hirti um að snúa heiðingjum til réttrar trúar. En er eg hefi með ærinni fyrirhöfn og hugarótta stofnað þar biskupssetur, þá vilja þeir taka Frísland frá mér og leggja það undir annars erkibiskups, svo að starf okkar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verði að engu og sáttaandið eyðist fyrir nýjum átroðningi heiðingja. Vel veizt þú, son minn og samverkamaður, að eg sækist eigi eftir virðingu, heldur eftir björg vesölum mönnum til handa. Hefi eg auðmjúklega beðið hinn nýja herra minn Stefanus að láta mig hafa Frísland, mitt fyrsta áhyggjuefni. En eigi veit eg, hvað rómverskt klerkaslægt gerir úr málinu. En eg ætla mér að losa þá við völina og fara sjálfur til Fríslands, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt. Vil eg nú skjóta því til úrskurðar hins mikla himindrottins, hvort eg skuli lengur vera þjónn þjónsins, eður hvort hann vill veita ellimóðum manni þann heiður að sitja við fætur sjálfs hans. Hygg eg að fara nú síðustu herför mína".

Einn góðan veðurdag í maímánuði var mannsöfnuður mikill í garði erkibiskups; voru þar bæði borgarbúar og menn úr nærsveitunum. Næstir hallarriðinu stóðu klerkar, öðrumegin prestar og djáknar, en hinumegin munkar ~~og~~ úr klaustrum og við hlið þeirra magrir og síðskeggjaðir einsetumenn, er farið höfðu úr klefum sínum til þess að þiggja blessun erkibiskupsins. Stóðu menn þétt, en hátíðleg kyrð var yfir öllu, hryggðarsvipur á mönnum og tár í mörgu auga, svo sem við andlát stórhöfðingja. Af hallarriðinu tóku sjómenn farangur og fjórir klerkar báru kistu erkibiskups, þar sem í voru bækur hans og helgir dómar og fóru með til Rínarskipsins. Blöktu þar fánar á stöng í morgungolunni, en krossmark yfir. En við hvern hlut, er borinn var til skipsins, fór andvarp gegnum mannfjöldann. Í hallarsalnum stóð Vinfreður í flokki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vina sinna, biskupa og klerksveina ~~sinna~~ og landa sinna frá Englandi, er farið höfðu sem hann yfir hafið til þess að kenna heiðingjum. Konur voru þar og saman komnar margar í átt við hann og flestar nunnur. Í þessum hnugginna hóp stóð Vinfreður beinn sem þöll í skógi. Ljómuðu augu hans af vinsemd, er hann gekk milli manna og mælti hljóðlát huggunar og kenningar orð til þeirra. Þá er hann heilsaði Valborgu í kvennahópnum, dró hún fram sveininn, féll á kné fyrir biskupi og mælti: „Son minn ungan, Gotfreð, færi eg drottni; legg þú hendur yfir hann svo að æfi hans sé blessuð." Vinfreður brosti, er hann sá hinn fönguslega svein og hann strauk um ljósan kollinn. Þá tók hann sveininn og fór með hann til trúnaðarmanns síns, Sturmi ábóta frá Fuldu, og sneri til dyra. Allir viðstaddir féllu á kné og blessaði hann yfir þá um leið og hann gekk til dyranna. Þá kom hann auga á hávaxinn mann er kraup þar í herklæðum sínum, var sá Ingvihrafn. Hann nam þá staðar og sagði hlýlega: „Þig ræð eg til mín í dag, Ingvihrafn. Vilt þú verða förunautur minn öðru sinni?"

„Það vil eg, herra," svaraði Ingvihrafn og stóð upp. „Kveð þú þá konu og börn, því að þú skalt nú í hernað fyrir drottinn."

Niðri í garðinum bylgjaðist mannþröngin sem sjávaröldur. Þá erkibiskup kom út féllu allir á kné, en hann gekk í gegnum mannfjöldann með upplyftum höndum og til skipsins. Þar sneri hann sér við og blessaði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ennþá einusinni yfir mannfjöldann og brosti til barn-
anna, er grátandi mæður báru á armlegg svo að þau
mætti sjá garðmanninum. En Ingvibrafn hélt utan
um konu sína, er (þótti mikill sómi til hans ger og) gekk ógrátin við hlið hans og hafði
eigi af honum augun, en með hinni hendinni hélt hann
í hönd þriggja sona sinna. Og er hann skildi við þau
á bakkanum, þá tók hann hægri hönd elzta sonar
síns og lagði í hönd Ylfibrafni og mælti: „Ver þú hon-
um trúr sem þú varst föður hans."

Skipverjar leystu landfestar og skreið skipið niður
eftir Rín, en mannfjöldinn lá á knjám sínum á bakk-
anum og horfði eftir skipinu þar til ~~ek~~ bugur varð
á elfinni og það hvarf.

* Bjart var yfir ferð þessari svo sem langri hátíð-
ferð. Þar sem bænahús stóð á hæð nokkurri eður smá-
kirkja niðri við fljótið, þá þustu menn saman og
hringdu klukkunum þá er skipið kom og fór.
Herra Vinfreður gekk á land og heilsaði söfnuðin-
um og svaf í húsum trúrra vina sinna, en Ingvi-
hrafn ~~svaf~~ lá við sigla undir krossfánanum og
hafði vörð á skipinu. Svo fóru ferðamenn niður Rín-
elfi allt þar til er hún verður að stöðuvatni; lentu
þeir við Utrekt og tóku þar á skip sitt biskup Frísa
er Vinfreður hafði skipað. Þá héldu þeir austur að
landamærum hinna heiðnu Frísa. Þangað hafði
biskup áður stefnt þeim, er nýlega höfðu tekið trú,
til þess að leggja hendur yfir hina nýskírðu og styrkja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá í trúnni. Höfðu sendimenn hans farið um allt Frísland og boðað komu hans. Á ein lítil greindi sundur kristna og heiðna Frísa. Í ósi hennar lentu þeir erkibiskups skömmu fyrir hinn tiltekna dag, þar sem fyrir var hrúga mikil af rekaviði. Erkibiskup gekk á land, valdi stað búðum þeirra og gekk umhverfis hann með vígslum. Ingvihrafn lét slá tjöldum, gera síki umhverfis og hlaða girðingu úr rekaviðnum.

En er hann stóð við girðinguna, og rak sjálfur niður stólpana, þá gekk Vinfreður fram hjá honum og mælti: „Mikið hefir þú fyrir að víggirða akslur með viði og mold, en hefir þú og munað að spyrja um vilja þess er yfir oss býr? Því að hann reisir skjaldborgir og rýfur þær eftir sínum eigin hugþótta."

„Reiðst þú mér eigi, herra, þótt eg reiði hamar minn eftir kvöldbænir, því að menn þeir, sem í bakkanum búa, hafa gert mér viðvart; er mikill kurr í þorpum heiðingja, en fáir vopnaðir menn eru hér lífi þínu til varnar."

En Vinfreður hlustaði eigi á orð hans, heldur horfði til himins og mælti: „Þéttari voru trén í Þýringalandi. Þar hjóst þú mér fyrstur manna náttstaura. Þá féll eskisáðkornið niður og sáðkorn sáluhjálplegrar kenningar í hug þinn. Sjá þú, nú er nýr viður vaxinn í skjóli guðs, svífa þar eigi örlagadísir um hann, heldur himneskir englar, fleygir bortlerar gerð, má vera að þeir vísi þér nú eða bráðum hæga himinleið."

Hann blessaði hann og gekk aftur í tjald sitt, er bar af hinum. Ingvihrafn lagði niður hamarinn, hertklæddist og settist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með skjöld og spjót við hliðið og var þar á verði um nóttina. Hann horfði yfir sléttlendið og leit til Kvöldroðans sem erkibiskups. Var roðinn í norðurhimninum og hafði hann aldrei séð svo bjartan fyr. Hann hugsaði til konu sinnar og barna, er sváfu nú heima í friði og hann hafði unnað svo mjög. Hann minntist allrar sinnar hamingjusömu æfi, er hann hafði lifað með konu sinni, frægra herferða sinna og lofs félaga sinna. Ylfihrafn og Hrófnungar komu og í hug hans, og hann hló og blessaði í huganum allt sitt og bað fyrir hverjum einstökum. Honum var létt í geði og leit hann iðulega til loftsins þar sem roðinn færðist smátt og smátt austureftir, þar til er dagsbrúnin kom upp og smáskýin urðu sem rósbjart hlið fyrir hinni upprennandi morgunsólu~~nni~~. Sá hann þá það hlið opnað, er hann skyldi sjálfur ganga inn um í borg himindrottins, er hann barðist fyrir; hann kraup á kné og las bæn þá, er Valborg hafði kennt honum. En er hann leit upp, sá hann í morgunþokunni dimma þúst; en hún færðist nær og sá hann þá bliku við spjót. Hann læsti hliðinu, æpti heróp sitt og skundaði að tjaldi biskups og að kofum liðmanna. Innan úr tjaldinu kvað við bjalla og Vinfreður kom fram, með heilaga pitningu í hendinni, og voru klerkar hans umhverfis. En úti við sýkið komu upp óhljóð mikil, og runnu heiðingjar á girðinguna og ~~treystu~~ reyndu virkin. Ingihrafn veifaði spjóti sínu og rann á móti þeim og hvatti menn sína til framgöngu. En þá tók máttugur rómur Vinfreðar yfir: „Heyrið boð drottins, gjaldið eigi illt með illu, heldur illt með góðu. Leggið niður ófrið og bardaga, því að nú er sá dagur kominn, sem við þráðum lengi. Í dag launar hinn mikli guð himn-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

anna trúa þjónustu. Er oss búið hásæti í höll himinsins og munu flokkar helgra manna fylgja oss fram fyrir hásæti ~~himinsins~~ drottins."

Þá fleygði Ingiþrafn sverði sínu móti heiðingjunum, er nú voru inn komnir. Gekk hann fram fyrir herra Vínfreð og hrópaði hátt nafn sveins þess, sem eitt sinn hafði verið förunautur hans, og tók við helund sinni. Næstur honum biskup og þá hinir, klerkar og leikmenn. Fáeinir komust undan og sögðu frá falli hinna guðrækinna afreksmanna.

Mannmargur fór hinn kristni höfðingi til hallar síns himneska konungs.

Guðhræddir klerkar fluttu bein Vínfreðar upp eftir Rín, en kristnir Frísar urpu haug yfir Ingiþrafni þýring- Var haugurinn við strönd niðri. Eigi flugu hrafnar skógarins þar yfir, heldur hvítir svanir, og í stað trétoppanna þaut í öldum sjávarins í nánd við hann, er stormur rak þær á land, öld eftir öld.

En í garði hans undir beykitrjám og grenitrjám skógarins óx ætt hans og breiddist út þaðan.

Í öldum hafsins og laufi skóganna þaut hinn sami leyndardómsfulli óður frá einni öld til annarar, en mennirnir komu og hurfu og sífeldar breytingar urðu á hugsunarhætti þeirra. Lengri og lengri varð ættbálkurinn, er tengdi einstaklinginn við fortíðina, og arfur hans óx, er hann fékk ~~frá fortíðinni~~ þaðan, og meiri ljós og dýpri skuggar féllu yfir ævi hans af verkum forfeðranna. En þótt hin forna tíð hvíldi þungt á afsprenginu, þá óx ~~honum~~ því þó dásamlega einstaklingsfrelsi og skapandi afl.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur